# Meðfædd viðbrögð

| Viðbrögð | Framkvæmd | Svörun | Tímabil |
|---|---|---|---|
| **Leitarviðbragð** | Vangi barns snertur | Barnið snýr höfði að snertingunni og opnar munninn | Frá fæðingu til 4-6 mánaða<br>Getur varað til 12 mánaða, sérstaklega í svefni |
| **Gripviðbragð** | Fingur lagður í lófa barns | Barnið grípur fast um fingurinn | Frá fæðingu til 4-6 mánaða |
| **Gangviðbragð** | Tekið undir armkrika barns og fætur látnir snerta sléttan flöt | Barnið hreyfir fæturnar líkt og það gangi | Frá fæðingu til 2-3 mánaða |
| **Skriðviðbragð** | Barnið lagt á magann og veittur stuðningur við iljar | Barnið dregur fótleggi að sér eins og það sé að reyna að skríða. Ósamræmi í hreyfingum getur bent til frávika í taugaþroska | Frá fæðingu |
| **Moroviðbragð**<br>**(Hræðslu-viðbragð)** | Ath. með hávaða eða snöggum hreyfingum<br>Barnið er hálfsitjandi með stuðning um höfuð og hrygg. Látið falla snöggt aftur í hendi um 3 sm | Barnið sveiflar handleggjum út, teygir úr sér og spennir líkamann aftur. Strax á eftir kemur umfaðmandi hreyfing og skelfingarsvipur kemur á barnið | Frá fæðingu til 4-6 mánaða |
| **Babinski** | Strjúkið il barns utanvert frá hæl og yfir táberg | Barnið sperrir út tær og kreppir þær síðan nema stóru tánna sem helst útsperrt | Frá fæðingu til 2 ára |
| **Tonískt hnakkaviðbragð**<br>**(Skylmingar-viðbragð, ATNR)** | Barn liggur á baki. Snúið höfði þess til hliðar | Þegar barnið liggur á baki leitar höfuðið til hliðar, t.d. vinstri. Er þá vinstri handleggur og fótleggur beinn en sá hægri boginn. Snúi barnið höfðinu í gagnstæða átt fylgja útlimir með, þ.e. hægri handleggur og fótleggur beinn en vinstri boginn | Frá fæðingu til 4-6 mánaða |